

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 34 7. maí 1928.

108

28. des.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

109

28. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1951 með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1951 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 50% viðauka eignarskatt samkv. 14. gr. l. nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1951.
- b. Með 100% viðauka vitagjald samkv. l. nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- c. Með 140% viðauka aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, að undanteknum gjöldum samkv. VII. kafla laganna, sem innheimtast með 75% álagi.
- d. Með 140% viðauka stimpilgjald, leyfisbréfgjald og lestagjald.
- e. Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla l. nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.
- f. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. l. nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 93 1950, um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1951.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.